

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 31. maí kl. 13:00 var haldinn 306. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað. Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, sem tók þátt um fjarfundabúnað, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsmanna var Unnur Líndal, formaður stjórnar STOR. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 305 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður undirrituð rafrænt.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Bryndísi Mariu Leifsdóttur. Ingvar lagði fram og kynnti ársfjórðungs uppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður. Uppgjörið samþykkt samhljóða og verður undirritað rafrænt.

Gísli Björn Björnsson mætti til fundarins kl 13:25 og kynnti stöðuna á álmörkuðum. Umræður.

Áhættuskýrsla, dags. 14.05.2021, lögð fram.

3. Lögð fram drög að minnisblaði Elínar Smáradóttur, dags. 27. maí 2021 sem er svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði, um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.
4. Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx ehf. mætti til fundarins kl. 13:50 og kynnti áætlanir um framtíðarskipulag fyrirtækisins. Umræður.
5. Klukkan 14:45 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir stefnustjóri til fundarins og kynnti breytingar á framsetningu og rýni stefna í samstæðu OR.
6. Guðrún Erla lagði fram til rýni mannauðsstefnu og siðareglur Orkuveitu Reykjavíkur. Hún lagði til að stefnan og siðareglurnar yrðu óbreyttar. Samþykkt.

Starfskjarastefna lögð fram óbreytt en með leiðréttingu á tilvísun. Persónuverndarstefna einnig lögð fram óbreytt. Samþykkt.

7. Lögð fram til kynningar skýrsla Jóns Gunnars Borgþórssonar, dagsett 21. apríl 2021 um stjórnhætti og skipan stjórna dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.
 8. Klukkan 15:30 mætti Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri rannsókna og nýsköpunar til fundarins, lagði fram og kynnti minnisblað um forðagæslu, dags. 27. maí 2021. Einnig lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 27. maí 2021.
 9. Lagt fram minnisblað, dags. 27. maí 2021 um áhrif vatnsmiðlunar á lífríki Skorradalavatns og Andakílsár. Umræður.
 10. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 27. maí 2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.
 11. Önnur mál.
- Lagt fram og kynnt minnisblað, dags. 28. maí 2021 um viðskipti Reykjavíkurborgar við Orku náttúrunnar. Eyþór Arnalds og Hildur Björnsdóttir óska bókað:

Borgin keypti raforku og þjónustu af ON fyrir 826 milljónir króna árið 2020 án útboðs. Í ljós kom að ekki var heildarsamningur um raforkukaupin og enginn afsláttur, en nú hefur hann verið veittur afturvirkkt. Mikill munur er á raforkuverði og fjárhæðir yfir útboðsmörkum. Nú hafa fallið úrskurðir um að bjóða eigi út raforkukaup borgarinnar og þjónustu vegna LED væðingu. Það er því einboðið að þessu verði breytti hið fyrsta.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:35.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. júní 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arndals
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Hildur Björnsdóttir
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,